

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Garði.

1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Garðs er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu- og sorpeyðingargjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald og tunnuleiga

15.207 kr. á hvert sorpílát

Sorpeyðingargjald

24.811 kr. á hverja íbúð

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Garðs, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2017.

Garði, 15. desember 2016.

Magnús Stefánsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2016